

Gangnaseðill sauðfjár haustið 2023 á gangnasvæði frá Vaðlaheiði að Mjaðmárdal

Meðfylgjandi er gangnaseðill vegna fjallskila haustið 2023.

- 1. göngur:** 1. og 2. sept
- 2. göngur:** 16. og 17. sept

Dagsverkið er metið á kr. 15.000-.

Á gangnaseðlinum eru þeir aðilar sem göngur eru lagðar á, en það eru þeir sem sleppa fé á afrétt. Göngur eru lagðar á fjáreigendur eftir fjárfjölda, þó mismunandi eftir gangnasvæðum.

Meðfylgjandi er listi yfir gangnaforingja. Þremur dögum fyrir göngur ber að tilkynna viðkomandi gangnaforingja hverjir mæti.

Fyrir hvert gangnarof greiðist 1,5 dagsverk í fjallskilasjóð.

Hreinsa skal allt ókunnugt fé úr heimalöndum fyrir auglýsta gangnadaga og koma til skila. Óheimilt er að sleppa fé í afrétt að loknum göngum.

Ekki má flytja sauðfé yfir varnarlínur.

Umsjón með göngum í Öngulsstaðadeild hefur Hákon B. Harðarson Svertingsstöðum sími. 896-9466

Gangnasvæði:	Gangnaforingi:	Sími:
Vaðlaheiði að Fiskilæk	Sverrir Friðriksson	847 1654
Fiskilækjarfjall að sunnan	Gunnar Haraldsson	462 4474
Garðsárdalur	Orri Óttarson	899 3264
Almenningur	Hákon B Harðarson	896 9466
Melrakka- og Helgárdalur	Guðný Jóhannesdóttir	898 2597
Staðarbyggðarfjall og Þverárdalur	Einar Gíslason	863 1470
Munkaþverártungur	Vilhjálmur Jónsson	463 1200
Mjaðmárdalur	Reynir Sverrir Sverrisson	866 0921

Réttað verður í Þverárétt kl. 10 sunnudaginn 3. sept.

Réttarstjóri: Hákon B Harðarson sími 896-9466

Annars staðar er réttað þegar komið er að.

Gangnaseðlar eru á heimasíðu Eyjafjarðarsveitar.

Innheimt verður gjald í fjallskilasjóð kr. 60 fyrir hverja kind samkvæmt búfjárskýrslu nema hjá þeim sem hafa allt fé heima.